



Hafnarfirði 23. mars 2022


Sæl Inga Björk.

Í samtali okkar um nemendur þína í Hljómu, hvort tónlistarskólinn hafi tök á að taka þessa nemendur inn í skólann ef þú hættir starfsemi Hljómu.

Tónlistarskólinn hefur alla tíð verið opinn nemendum fötluðum eða ófötluðum og ef ég gæti þá myndum við hleypa þeim öllum inn. Eins og þú veist þá er húsnæði skólans fullnýtt og við höfum ekki haft möguleika á að stækka skólann vegna húsnæðisskorts. Eins og staðan er í dag þá eru vel yfir 200 nemendur á biðlista og þessir nemendur hjá þér myndu bætast við þann lista.

Það var mikill happafengur að fá þig til okkar í 30% starfshlutfall, því kennsla nemenda með sérþarfir er ekki á færi allra kennara. Það að taka inn í skólann nemendur með t.d.

þroskaskerðingu kostar sérþekkingu og/eða aðstoð sérfróðra við kennslu þessara nemenda. Við erum öll að vilja gerð að opna skólann fyrir þessum ágætu nemendum þínum en í ljósi húsnæðisskorts sjáum því miður ekki færi á að geta gert það með viðunandi hætti.

Með bestu kveðju  
  
Eiríkur G. Stephensen, skólastjóri